



875. fundur stjórnar GSÍ, 14. apríl 2016, kl. 17:00 haldinn á skrifstofu GSÍ

Mættir voru: Haukur Örn Birgisson, Eggert Ágúst Sverrisson, Bergsteinn Hjörleifsson, Helgi Anton Eiríksson, Theodór Kristjánsson, Jón Júlíus Karlsson, Hansína Þorkelsdóttir, Gunnar K. Gunnarsson og Brynjar Eldon Geirsson sem jafnframt ritaði fundinn.

1. Fundargerð síðasta fundar,
Samþykkt og undirrituð

2. Nafnabreyting sveitakeppni

Ræddur var tilgangur nafnabreytingar og fjallað um tillögur, Samþykkt að fela framkvæmdarstjóra að leiða málið þangað til nafn hefur verið valið.

3. Reglugerðabreytingar

Haukur Örn fór yfir og kynnti reglugerðarbreytingar sem laganefnd hefur þá þegar fjallað um og voru þær samþykktar af stjórn að loknum umræðum.

- Reglugerð um leikkort

- Reglugerðir um sveitakeppni í öllum flokkum

- Reglugerð um stigamót allra flokka, þ.m.t stigalisti á Eimskipsmótaröðinni

- Reglugerðir um Íslandsmótið í holukeppni unglunga og fullorðinna

- Reglugerð um notkun golfbíla í GSÍ mótum

4. Samstarfsaðilar GSÍ 2016 og samningur við RÚV

Farið yfir stöðu samstarfsamninga og ítarlega yfir samning við RÚV. Forseti lagði til tillögu um að samið yrði til tveggja ára við RÚV og var sú tillaga samþykkt án athugasemda.

Eggert lagði til að skoðað yrði að kostnaðurinn við samninginn færist til bókar sem markaðskostnaður.



5. Verðlaunafé á Eimskipsmótaröðinni

Forseti kynnti samþykkt Fjáragsnefndar um að hækka verðlaunafé fyrir Stigameistaratitil karla og kvenna í 250.000 k í hvorum flokki fyrir sig með fyrirvara um útfærslu á reglum áhugamennsku. En bréf hefur verið sent á Áhugamannanefnd þess efnis til umfjöllunar. Þetta mun gera mótaröðina eftirsóknarverða fyrir atvinnumenn í fyrstu línu. Viðræður eru í gangi við samstarfsaðila um en meiri hækkun á verðlaunafé. Fundurinn samþykkti og engar athugasemdir lagðar fram.

6. Verðskrá GSÍ móta

Framkvæmdarstjóri lagði fram tillögu að hækkun mótgjalda í mótum á vegum GSÍ, tillagan á að auka tekjur þeirra klúbba sem halda mót og koma gegn kostnaði sömu klúbba við dómara á slíkum mótum. Tillagan var samþykkt

7. Fulltrúar stjórnar á Íslandsmóti í golfi

Forseti bað stjórnarmenn að tilkynna Framkvæmdarstjóra um hverjir myndu koma til Akureyrar yfir þá helgi sem Íslandsmótið í Golfi er haldið á Akureyri.

8. Fulltrúi stjórnar í Golf Iceland

Forseti lagði fram tillögu um að Eggert Á. Sverrisson myndi taka sæti fulltrúa GSÍ í stjórn Golf Iceland þar sem fyrrverandi Framkvæmdarstjóri GSÍ Hörður Þorsteinsson stígur til hliðar samhliða starfslokum sínum hjá GSÍ. Tillagan var samþykkt

9. Umsókn um sameiginlegar sveitir GHD og GFB

Umsókn Heiðars Davíðs Bragasonar fyrir hönd GHD og GFB barst stjórn GSÍ um sameiningu sveita samkvæmt reglugerð GSÍ var tekin fyrir og samþykkt.

10. Önnur mál

- Efni sem snýr að Golfreglunum hefur fengist til afnota frá sænska golfsambandinu og kynnti Forseti efnið og lagði til að það yrði nýtt og fræðslunefnd GSÍ myndi koma að þeirri útgáfu ásamt styrktaraðila (Vörður)
- Forseti tilkynntu um að Hörður Geirsson Alþjóðadómari GSÍ hefði fengið boð um að dæma á British Open 2016, og fagnaði fundurinn því og bauðst til og samþykkti að GSÍ stæði kostnað af flugi fyrir Hörð til Bretlands.



- Jón Júlíus kynnti vinnu starfshóps um Íslandsbankamótaröð Unglinga og þær tillögur sem hópurinn leggur til.

Ekki var fleira tekið fyrir á fundinum og honum slitið kl.19:20